



## Active Mobility Innovations for Green and safe city sOlutionS (AMIGOS)

Boðið út undir Horizon Europe leiðangrinum: “Climate neutral and smart cities”

Þema: “Designing inclusive, safe, affordable and sustainable urban mobility”

Í samstarfi við “European Institute of Innovation and Technology” (EIT)  
og “Knowledge and Innovation Communities” (KIC) á vegum EIT.<sup>1</sup>

### Samstarfsaðilar og fjármögnun:

**Verkefni til 4ra ára** – 28 samstarfsaðilar (háskólar, stofnanir, fyrirtæki) í 16 löndum Evrópu og víðar

5 borgir, lifandi rannsóknarstofur (Living Labs (LL) ):

*Hamburg (DE), Las Rozas (SP), Lappeenranta (FI), Istanbul (TR), Gabrovo (BG)*

10 borgarsvæði fyrir bætt umferðaröryggi (Safety Improvement Areas (SIA) ):

*Hamburg (DE), Bologna (IT), Lappeenranta (FI), Reykjavík (IS), Las Rozas (SP), Gabrovo (BG), Jūrmala (LV) Istanbul (TR), Ankara (TR), Nazareth (IL)*

3 Digital Twins (borgarhermar):

*Las Rozas (SP) – sjá og spá fyrir um sambúð mismunandi ferðamáta*

*Gabrovo (GB) – sjá fyrir og styðja við umferðarstjórnun*

*Ekki staðfest (RVK?) – hermun á 1 SIA til að sjá fyrir og styðja við öryggissjónarmið*

**Styrkbeiðni til handa Reykjavíkurborg** **493,354 €**

Heildarstyrkbeiðni til Framkv.stj. ESB 9,355,503 €

### Meginmarkmið og helstu efnistöð AMIGOS:

Ná utanum megin áskoranir í samgöngum innan borgalanda, útfæra nálganir á öruggum, ódýrum og sjálfbærum lausnum sem skilja engan útundan (þ.m.t. aldraða, fatlaða og ungmenni). Draga saman nýstárlegar tæknilausnir, samsköpunar- og samráðsaðferðir til að skoða og meta sviðsmyndir sem ætlað er að hvetja til virkra ferðamáta, minnka bílaumferð og stilla saman skörun ólíkra kosta á sanngjarnan og öruggan hátt.

Eins og kemur fram í yfirliti yfir 7 helstu markmið AMIGOS, þá mun verkefnið:

1. þróa og prófa samsköpunaraðferðir til að hanna sjálfbærar lausnir með þátttöku ólíkra hagaðila, sérstaklega “viðkvæmra vegfarenda”;
2. hámarka notkun almenningsamgangna og skapa hvata fyrir virka samgöngumáta í **5 LL**;

<sup>1</sup> [EIT Urban Mobility](#), [EIT Digital](#), [EIT Climate-KIC](#) og [EIT Health](#).



3. koma jafnvægi á almenningsrými í **5 LL** og **10 SIA**, með betri hagræðingu og til samræmis við þarfir hagaðila;
4. bæta sambúð ólíkra ferðamáta í **5 LL**;
5. bæta öryggi og lífsgæði íbúa (og gesta) í **10 SIA**, sérstaklega viðkvæmra vegfarenda;
6. meta skilvirkni samgöngulausna sem þróaðar eru með tilliti til öryggis, seiglu og nýstárlegra ferða- og flutningsmáta, og gera ráðstafanir til að byggja upp færni;
7. sýna fram á endurtekningarhæfi samgöngulausna og gera ráðstafanir til að byggja upp færni.

Samsetning aðferða til að skila þessum markmiðun samanstendur af markvissri söfnun tölulegra gagna (mobility data – historical, mobile, observational) og gagnaúrvinnslu (big data platform, digital twinning and modelling), ásamt listtengdri samsköpun með hagaðilum (gaming) með að markmiði að byggja upp svo-kallað “Urban Mobility Toolbox” sem gæti þjónað í framtíðinni pólitískri stefnumótun og aðgerðaráætlunum í borgarsamgöngum.

### **Hlutverk Reykjavíkurborgar (38 PM *mannmánuðir*):**

Að vera ein af **10 SIA** og halda utanum umferðaröryggissvæði á Hlemmi og þar í kring í kjölfar umbreytinga á svæðinu. Aðkoma borgarinnar snýr til dæmis að frumgreiningu og útfærslu á þátttöku hagaðila og aðferðafræði samsköpunar um heildstæð borgarlíkön. Hún snýr að eiginlegum könnunum og greiningu almennt, undirbúningi á innleiðingu lausna, prófunum og mælingum á árangursþáttum sem tengjast þeim, svo sem mati á umhverfis-, öryggis-, efnahagslegum, félagslegum og heilsufarslegum áhrifum. Hún snýr einnig að miðlun lausna, samskiptum og skoðun á samlegðaráhrifum í samstarfi við skyld verkefni.

### **Ávinningur fyrir Reykjavíkurborg og aðkoma ólíkra sviða:**

Meginmarkmið og framkvæmd AMIGOS mun styðja við aðgerðaráætlanir Græna Plansins um kolefnishlutleysi, grænar samgöngur, 15-mínútna hverfi og áherslur á lýðheilsu, samfélag án aðgreiningar, lýðræðislega þátttöku, stafræna vegferð og notendamiðaða þjónustu. Það mun þá einnig styðja við velferðar- og lýðræðisstefnur borgarinnar að því leyti sem svæðið í kringum Hlemm verður skoðað og metið með tilliti til aðgengismála, öryggis og heilsufarslegra áhrifa, og mun byggja markvisst á þátttöku hagaðila í samsköpunarverkstæðum.

Þátttaka í verkefninu í heild kallar á samstarf nokkurra sviða og sérhæfðra skrifstofa innan borgarkerfisins. Þá er þátttaka í AMIGOS einnig tilefni til lýðheilsu- og stjórnsýslurannsókna.